

Fjölmenningarhátíð Uppsveitanna

Aðsókn fór fram úr björtustu vonum á Fjölmenningarhátíð Uppsveitanna sem haldin var í Félagsheimilinu í Aratungu, Reykholti, sunnudaginn 3. nóvember.

Á hátíðinni var mikið líf og fjör og augljóst að fjölbreytt dagskrá dró að fjölda gesta sem fræddust um ólík lönd, smökkðu mat frá mismunandi löndum og lærðu um menningararf frá ýmsum heimshornum. Heyra mátti á bæði gestum og þátttakendum að full ástæða væri til að endurtaka þennan viðburð slíkur var áhuginn. Öllum sem stóðu að viðburðinum er hér með þakkað kærlega fyrir þeirra frábæra framlag.



FLEIRI
MYNDIR Á
FACEBOOK-SÍÐU
HRUNAMANNA-
HREPPS

Framkvæmdaár framundan

Síðustu vikur hafa að miklu leyti verið undirlagðar vinnu við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps og stofnana sveitarfélagsins. Venju samkvæmt er rekstur einstakra stofnana skoðaður og metið hvort og þá hvernig má gera betur, breyta og bæta. Fundað hefur verið með nefndum og áherslur lagðar. Rekstur er í góðum höndum og ber að þakka stjórnendum og starfsmönnum þeirra góðu störf.



Ljóst er að það er stórt framkvæmdaár framundan í Hrunamannahreppi. Framundan er m.a. risastórt verkefni sem felst í lagninu vatnsveitu frá Blákvísl á Hrunamannaafreitti og niður að Flúðum. Verið er að hanna og kostnaðarmeta verkefnið með það fyrir augum að hafist verði handa á næsta ári. Yrði hér um byltingu að ræða varðandi neysluvatn í uppsveitinni og afhendingaröryggi vatnsveitunnar í heild tryggt.

Búið er að bjóða út innréttingu á húsnæði fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna sem verður í Hrunamannavegi 3. Einnig er búið að bjóða út gatnagerð í Röðulstanga en með þeirri götu verður hverfið að fullu tilbúið, austan megin við Kerlingartangann. Í þessari nýju götu munu verða 5 parhús, 3 raðhús og 4 einbýlishús en þau munu tylla sér syðst í hverfið með gott útsýni í suður. Lóðir í hverfinu hafa verið eftirsóknarverðar og er það trú sveitarstjórnar að svo verði áfram.

Á fundi Héraðsnefndar Árnesinga nú í haust var samþykkt sú ósk Héraðsskjalasafns Árnesinga að tekið yrði á leigu húsnæði í kjallara Hrunamannavegar 3 hér á Flúðum fyrir safnkost. Mun verða gengið frá þeim samningnum innan skamms og húsnæðið innréttað á sama tíma og heilsugæslan. Glögggir íbúar hafa síðan tekið eftir að nú er unnið að innréttingu á húsnæði fyrir kínverskan veitingastað á Hrunamannaveginum þannig að á næsta ári mun færast líf í húsið og á öll sú starfsemi sem þar mun fara fram án vafa eftir að verða mikil lyftistöng fyrir samfélagið okkar allt.

Á öðrum stað í Pésanum er fjallað um fyrirhugaða byggingu Björgunarmiðstöðvar hér á Flúðum. Fjármunir hafa verð settir til byggingarinnar af Héraðsnefnd Ár-

nesinga og sátt ríkir um framkvæmdina sem er afar ánægjulegt. Vil ég hvetja alla sem geta til að leggja Björgunarfélaginu Eyvindi lið í þessari miklu framkvæmd sem mun gjörbylta aðstöðu björgunarliða hér í Uppsveitunum.

Að lokum vil ég hvetja íbúa og aðra lesendur Pésans til að mæta á jólahátíðina þann 30. nóvember og einnig á aðra þá viðburði sem skipulagðir eru í aðdraganda jóla. Nú þegar skammdegið er að ná hámarki er gaman að skreyta hús og garða með ljósum og lífga upp á umhverfið með þeim hætti. En umfram allt njótum vetrarins, notalegheita og samveru með þeim sem okkur þykir vænst um.

Með bestu kveðjum,
Aldís Hafsteinsdóttir



Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.

 **BÓTARÉTTUR**
- þú færð þitt



botarettur.is

Kirkjukórinn æfir fyrir innsetningarmessu 17. nóvember

Vetrarstarf er nú hafið í þeim mörgu félögum sem starfa hér í sveitarfélaginu. Kórarnir eru þar á meðal. Kirkjukór Hruna- og Hrepphólasókna æfir nú fyrir innsetningarmessu í Hrunakirkju þann 17. nóvember en þá mun frú Guðrún Karls Helgudóttir, biskup Íslands, setja sr. Óskar í embætti prófests í Suður-prófastsdæmi. Athöfnin hefst kl. 14:00 og allir eru velkomnir. Á eftir verður boðið uppá kaffi í félagsheimilinu. En kórinn æfir semsagt stíft þessa dagana undir stjórn Eyrúnar Jónasdóttur og á æfingadegi nú nýlega fékk kórinn góðan gest þegar Sólrún Bragadóttir söngkona mætti og kenndi raddbeitingu. Allir eru velkomnir í kórinn en æfingar eru á mánudögum kl. 20:00 í félagsheimilinu.



VÖRÐUKÓRINN

**Vörðukórinn heldur tónleika laugardaginn
23. nóvember í Félagsheimilinu Árnesi kl. 20.00.**

Þema tónleikanna lög og textar sem tengjast fjallferðum og réttum, lög sem allir þekkja í bland við staðbundna söngva, kvæði og vísur. Tónleikunum lýkur með dúndrandi réttarballsstemmingu sem engan svíkur.




Jólamarkaður VISS

Helstu fréttirnar hjá Viss á Flúðum er að Jólamarkaðurinn hjá okkur er að hann verður tvískiftur, við verðum fyrst með jólamarkað föstudaginn 29. nóvember í vinnustofunni okkar sem er í kjallaranum í Heimalandi frá kl. 10 til 12. Svo verðum við með söluborð á jólamarkaðnum sem er haldinn í Félagsheimili Hrunamanna 30. nóvember.

Við erum á fullu að undirbúa fallegar jólavörur sem verða til sölu á þessum mörkuðum fyrir ykkur.

Kær kveðja,
Atli Sigmundsson, fyrir hönd Viss



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

**Högnastíg 14
845 Flúðir**

**flight@simnet.is
Sími 699 0757**

Fóttaæðgerðustofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a
Tímarpantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Björgunarmiðstöð á Flúðum



Björgunarfélagið Eyvindur hefur hafið vinnu við byggingu björgunarmiðstöðvar á Flúðum ásamt Brunavörnum Árnessýslu. Það var fyrirséð að byggja þyrfti nýja slökkvistöð þar sem núverandi húsnæði er orðið lélegt, höfðu þá fulltrúar brunavarna samband og buðu okkur í samvinnu, um að við myndum byggja saman björgunarmiðstöð. Sú hugmynd að hafa viðbragðsaðila undir sama þaki eflir samstarf þeirra á milli og leiðir til þess að fólk þekkist og vinnur betur saman í þeim verkefnum sem koma á þeirra borð.

Það er einstakt tækifæri fyrir Björgunarfélagið Eyvindur að fá að taka þátt í uppbyggingu björgunarmiðstöðvar fyrir viðbragðsaðila á svæðinu, bæta alla aðstöðu þeirra og í leiðinni að auka þjónustu fyrir samfélagið.

Framundan eru okkar helstu fjáraflanir, í desember er jólatrjáasala og flugeldasalan í lok desembermánaðar og svo nú nýlokið við neyðarkallasölu.

Við þökkum fyrir allan þann stuðning sem okkur hefur borist en okkur vantar alla þá hjálp sem í boði er við þetta stóra verkefni sem framundan er svo við vonum að þið takið vel í fjáraflanir okkar eða hjálparbeiðnir.

Hægt verður að fylgjast með framgangi verkefnisins á fésbókarsíðunni okkar.

Fyrir þá sem vilja leggja okkur lið þá erum við með styrktarrekning: 0325-22-001249, kt. 460100-2590.

Formaður Björgunarfélagsins Eyvindar
Einar Ágúst Hjörleifsson

**Vakin er athygli á að kosið er til
Alþingis í Íþróttahúsinu á Flúðum en ekki
í félagshemilinu eins og verið hefur.**



**Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.**

Gísli Laugum
Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073



Grænna land ehf.

*Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðauðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala*

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499



Sundlaugin á Flúðum

Vetraropnun
16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
frá kl. 16:00 - 20:30

Mánu- og fimmtudaga frá kl. 6:00 - 9:00
(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 13:00 - 18:00

Tækjasal hefur tímabundið verið lokað.
**Nýr og betri tækjasalur mun opna um
leið og framkvæmdum lýkur.**

Árskort sem gilda í sundlaugina, íþrótta- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði,
aðeins 16.000 kr. Minnum á að hjá flestum
stéttarfélögum er hægt að sækja um styrk.

Jólamarkaður á Flúðum 2024

Jólamarkaðurinn á Flúðum hefur nú þegar markað sér sess í upphafi jólaundirbúnings á fjölmörgum heimilum.

Markaðurinn verður haldinn laugardaginn 30. nóvember 2024 milli kl. 14:00 og 16:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Fjölbreytt vöruúrval, jólalög, jólasveinar, veitingar og ljúf stemning.

Þeir sem vilja selja vörur og panta bás er bent á að hafa samband við Ragnhildi, formann Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar á netfangið ragnhildur@fludir.is.

HJÓNABALL 2025

HJÓNABALL HRUNAMANNA VERÐUR HALDIÐ Í
ÍPRÓTTAHÚSINU Á FLÚÐUM 1. MARS 2025.

ENDILEGA TAKIÐ DAGINN FRÁ!

HJÓNABALLSNEFND

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is